

BREYTING Á LEGU VESTURHLUTA ÁLFTANESVEGAR, GARÐABÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á vesturhluta Álftanesvegur í Garðabæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Garðabæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fyrir liggur staðfest breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, sem gera ráð fyrir breytingu vegarins. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að fornminjar við veginn verði greinilega merktar meðan á framkvæmdum standi.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. mars 2009.

18. febrúar 2009

INNGANGUR

Þann 25. apríl 2008 tilkynnti Mannvit hf. verkfræðistofa, fyrir hönd Vegagerðarinnar og Garðabæjar, breytingu á legu vesturhluta nýs Álftanesvegar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c og 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Álftanes, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Álftanesi með tölvupósti dags. 4. júní 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 29. maí 2008 og tölvupósti dags. 5. júní 2008, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 20. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júní 2008 og 13. febrúar 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Mannviti, fyrir hönd Vegagerðarinnar og Garðabæjar, með bréfi dags. 5. júní 2008 og 29. janúar 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Vegagerðin tilkynnir um breytta legu fyrirhugaðs Álftanesvegar miðað við það sem kynnt var í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar árið 2002 (leið D). Tilgangur með breyttri legu sé að nýta betur núverandi vegstæði Álftanesvegar en leið D gerði ráð fyrir. Er það gert með því að leggja veginn sunnar en áður var fyrirhugað, á um 1,5 km kafla vestan frá vesturjaðri Garðahrauns og suður fyrir austasta hluta jarðarinnar Selskarðs. Með breyttri legu vegarins muni hann liggja í sama vegarstæði og núverandi vegur á um þriðjung leiðarinnar. Vestan við umræddan kafla muni hann fylgja núverandi vegi alla leið að Bessastaðavegi, eins og áður var gert ráð fyrir. Tvær vegteningar verði við byggð í Garðaholti og tvenn ný undirgöng við göngustíga.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að á svæði vestan Garðahrauns sé landnotkun aðallega hrossabeit. Þó legu vegarins verði breytt verði áfram mögulegt að nýta Garðahraun, Gálgahraun og fjörur í nágrenninu til útivistar, fræðslu og berjatínslu. Auk þess verði áfram hægt að nota Skógtjörn og Lambhúsatjörn til fuglaskoðunar. Færsla vegarins muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu.

Áhrif á jarðfræði. Fram kemur að Garðahraun og Gálgahraun sé lítt snortið eldhraun frá nútíma (rann fyrir um 7.200 árum), sem sé á náttúruminjaskrá og njóti sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum. Greint er frá að þar sem ný lega vegarins muni fara um vesturjaðar Garðahrauns sé hraun úfnara en á þeim stað sem fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að vegurinn lægi og því muni færsla vegarins leiða til meira rasks á úfnu hrauni en áður var fyrirhugað. Á móti komi að veglínan um hraunið muni styttest miðað við fyrri áætlanir og sambærilegar jarðmyndanir sé að finna annars staðar í hrauninu.

Áhrif á votlendi. Fram kemur að Skógtjörn, Lambhúsatjörn og fjörur þeirra séu votlendi samkvæmt skilgreiningu Ramsarsáttmálans og því á votlendisskrá. Mestu sjávarfitjar við sunnanverðan Faxaflóa séu nyrst í Gálgahrauni, sem liggja framan við brún þess og nái að hluta inn í hraunið. Þar sé samfelldur háplöntugróður, nokkur mismunandi gróðurbelti, og fjöldi dýrategunda aukist ört upp fitjarnar. Fitjarnar í Gálgahrauni njóti verndar Garðabæjar og einnig njóti sjávarfitjar sérstakrar verndar

samkvæmt náttúruverndarlögum (nr. 44/1999, gr. 37). Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að færsla vegarins muni ekki hafa bein áhrif á votlendi.

Áhrif á gróður. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi fundist neinar sjaldgæfar tegundir gróðurs eða tegundir á valista á eða við vegarstæði Álftanesvegar samkvæmt leið D. Í úfnari kanti Garðahrauns sé gróður fjölbreyttari en þar sem áður var fyrirhugað að nýr Álftanesvegur færi yfir hraunið. Færsla vegarins gæti því haft neikvæð áhrif á hraungróður en þau eru hins vegar talin verða óveruleg.

Áhrif á dýralíf. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talið að fuglar á valista verpi á eða í væntanlegu vegarstæði Álftanesvegar. Færsla vegarins frá áður áformuðu vegstæði, verði til þess að hann muni að hluta liggja fjær Lambhúsatjörn, sem sé á náttúruminjasrá og muni því leiða til minni áhrifa á fugla.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að Garðastekkur sé staðsettur við vesturjaðar Garðahrauns og hann sé eini minjastaðurinn á athugunarsvæðinu sem með vissu geti talist gamall og mikilvægt sé að varðveita. Einnig þyki nauðsynlegt að varðveita og rannsaka það sem eftir er af bæjarhól í landi Selskarðs, sem sé mikið skemmdur. Færsla vegarins verði til þess að hann muni liggja nær Garðastekki en áður var ætlað, en fjær bæjarhól Selskarðs. Garðastekkur sé staðsettur um 50 m sunnan við fyrirhugaðan veg þar sem hann muni liggja upp á vesturjaðar Garðahrauns. Framkvæmdaraðili telur að færsla vegarins geti haft neikvæð áhrif á fornleifar ef ekki verði gætt varúðar í grennd við Garðastekk.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 hafi verið auglýstar. Meðal annars geri breytt skipulag ráð fyrir blandaðri byggð norðan og sunnan við veginn á því svæði sem um ræðir en vinna við deiliskipulag byggðarinnar sé ekki hafin.

Greint er frá að hraunið norðan við fyrirhugaðan nýjan Álftanesveg sé skilgreint sem bæjarverndað svæði, samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar, sem og fjörur og grunnsævi norðan við Gálgahraun, Lambhúsatjörn og Skógtjörn. Samkvæmt breyttu aðalskipulagi sé ekki gert ráð fyrir útivistarsvæði á eða í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, vestur frá hraunkanti Garðahrauns.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarstjórn Álftanes, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnun telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins telur að m.t.t. ábendinga stofnunarinnar sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á loftgæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu um framkvæmdina sé ekki fjallað um loftgæði.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að þó legu vegarins verði breytt verði engin breyting á loftgæðum frá því sem kom fram í matsskýrslu á sínum tíma.

Efnistaka. Umhverfisstofnun bendir á að áætlað sé að nýta megnið af því efni sem kemur úr skeringum í veginn, um 100.000 m³, sem sé sama magn og áætlað hafi verið fyrir bæði Álftanesveg og lengingu Vífilsstaðavegar á sínum tíma. Efni til viðbótar verði sótt í viðurkenndar námur. Í tilkynningu komi ekki fram hvort aukið efni fái st úr skeringum vegna breyttrar legu vegarins.

Í svari framkvæmdaaðila kemur fram að breytt veglína breyti litlu um magn efnis úr skeringum, sem nýtilegt verði í burðarlög. Þar sem fylgt verði núverandi vegstæði um Selskarðsland muni efnisþörf til fyllinga og skeringar í laus jarðlög minnka töluvert.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki sé fjallað um hvort breytt hæðarlega vegarins breyti hljóðvist. Taka verði tillit til þess að nú sé fyrirhuguð íbúðarbyggð beggja vegna vegarins. Því verði að uppfæra hljóðvistarútreikninga miðað við breytta legu Álftanesvegar og leggja fram hljóðvistarkort, byggt á þeim niðurstöðum. Jafnframt þurfi að gera grein fyrir hvort og þá hvar þörf sé á mótvægisadgerðum vegna hávaða. Þá kemur fram að stofnunin hafi ítrekað bent á að skipulag byggðar eigi ekki að miðast við að grípa þurfi til sértækra adgerða til að uppfylla ákvæði um hljóðvist heldur eigi nýskipulögð íbúðarhverfi að uppfylla viðmiðunargildi reglugerðar um hávaða.

Í svari framkvæmdaaðila kemur fram að reikningar á hljóðvist hafi verið uppfærðir miðað við breytta legu vegarins og fylgdi svarinu nýtt hljóðvistarkort. Að svo stöddu sé ekki mögulegt að útfæra mótvægisadgerðir vegna umferðarhávaða, því hvorki liggja fyrir deiliskipulag byggðar sunnan vegarins né svæðisins fyrir þjónustustofnanir, norðan vegarins.

Í frekari umsögn telur Umhverfisstofnun að gerð hafi verið fullnægjandi grein fyrir breytingu á hljóðvist.

Áhrif á jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 22. maí 2002 um nýjan Álftanesveg, komi fram að við val á leið vegarins yfir hraunið (leið D) hafi framkvæmdaraðili lagt áhersla á að fara yfir hraunið þar sem það sé að jafnaði minna úfið en annars staðar, einkum sunnar í hrauninu. Einnig komi fram í úrskurðinum að framkvæmdaraðili hafi bent á að gróður sé fjölbreyttari eftir því sem hraunið sé úfnara og með því að hlífa úfnum hluta hraunsins að mestu, verði minnst skerðing á verndargildi þess. Telur Umhverfisstofnun að tillaga að nýrri legu Álftanesvegar sé í ósamræmi við fyrri rök framkvæmdaraðila fyrir staðsetningu vegarins, þar sem hann muni við breytinguna liggja yfir úfnara hraun, en áður hafi verið gert ráð fyrir. Því verði að gera nánari grein fyrir því raski sem muni verða á hrauninu, við fyrirhugaða færslu vegarins. Þá bendir Umhverfisstofnun á að í Gálgahrauni finnist hraunmyndanir, sem séu fyrirmyndir í málverkum Jóhannesar Kjarvals. Ástæða sé til að framkvæmdaraðili geri grein fyrir nýrri legu Álftanesvegar miðað þær jarðmyndanir, enda hafi hann lagt áherslu á það á fyrri stigum að hlífa skyldi þeim hraunmyndunum. Loks kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að stofnunin (áður Náttúruvernd ríkisins) hafi ítrekað lýst þeirri skoðun að ný lega Álftanesvegar ætti að miðast við að Gálgahraun haldist sem óröskuð og samfelld heild. Telur stofnunin að athuga eigi hvort leggja megi veginn eftir leiðum sunnar í hrauninu. Ekki sé lengur fyrirstaða um að hafa byggð beggja vegna vegarins.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að vestur af hraunjaðri verði vegurinn í nokkurn veginn sama vegarstæði og nú er. Vegna veltæknilegra forsendna þurfi að leggja veginn upp á hraunið, um 100 m sunnar en gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Vegurinn nái um 300 m inn í hraunið og lengd veglínú í hrauninu verði um 50 m styttri en áður var gert ráð fyrir. Þá kemur fram að enn sé lögð áhersla á að hlífa

hraunmyndunum. Á 300 m kafla í hrauninu víki nýr vegur frá fyrri áformum og á þeim kafla séu engar þekktar fyrirmyndir Kjarvals. Ítrekað er að vegurinn verði í sama vegarstæði við jörðina Selskarð. Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að færa veginn sunnar, þótti of stór hluti fyrirhugaðs byggingasvæðis á Garðaholti fara forgörðum. Nýlega hafi bæjaryfirvöld í Garðabæ ákveðið að svæðið norðan Álftanesvegur yrði ætlað þjónustustofnunum - lágreistri byggð sem félli vel að umhverfinu - og fækka vegtengingum úr tveimur í eina. Lögð verði áhersla á að tryggja gott aðgengi útivistarfólks að Gálgahrauni og strandlengjunni við Lambhúsatjörn. Jafnframt er bent á, að við breytinguna stækki óröskuð heild Gálgahrauns að flatarmáli.

Í frekari umsögn telur Umhverfisstofnun svör framkvæmdaaðila fullnægjandi. Áhrif á Gálgahraun verða í samræmi við þá skoðun stofnunarinnar að leggja eigi áherslu á að velja leiðir, sem liggja sunnarlega í Gálgahrauni með það fyrir augum að varðveita hraunið þannig að það myndi að mestu eina heild.

Áhrif á gróður og fugla. Umhverfisstofnun bendir á að ljóst sé að gildi Gálgahrauns, hvað gróður varði, felist fyrst og fremst í mikilli tegundaauðgi og því hversu fjölbreyttan gróður þar sé að finna, sem ráðist einkum af því hversu margbrotið yfirborð hraunanna sé. Fyrirhuguð breyting á legu Álftanesvegur gæti því haft neikvæð áhrif á hraungróður. Umhverfisstofnun telur að fuglar á valista verpi ekki á eða í nágrenni framkvæmdasvæðisins og færsla vegarins verði til þess að hann muni að hluta liggja fjær svæði á náttúruminjaskrá, Lambhúsatjörn, en áður var fyrirhuguð og muni því leiða til minni áhrifa á fugla. Hins vegar sé talsvert kríuvarp vestan Gálgahrauns og suður á Garðaholt, sem muni að mestu verða innan byggðar sem sé fyrirhuguð þar, samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar. Telur stofnunin að fjalla hefði átt um áhrif breyttrar legu Álftanesvegur á varpsvæði kríu.

Í svari framkvæmdaaðila varðandi áhrif framkvæmdanna á gróður, er vísað í svör við umsögn varðandi jarðmyndanir. Breyting á legu vegarins muni hafa óveruleg áhrif á kríuvarp á Garðaholti, vegna þess að norðurjaðar fyrirhugaðrar byggðar, norðan vegarins (þjónustustofnanir), verði u.þ.b. á sama stað og veginum hafi áður verið ætlað að liggja. Stærð svæðis, sem fari undir veg og byggð, og staðsetning þess verði nokkurn veginn eins og gert hafi verið ráð fyrir í fyrra aðalskipulagi.

Í frekari umsögn telur Umhverfisstofnun svör framkvæmdaaðila fullnægjandi varðandi áhrif á fuglalíf. Þó vegurinn færirst verði áhrifin sambærileg og gert hafi verið ráð fyrir í fyrra aðalskipulagi.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins telur að kanna verði betur áhrif nýju veglínunnar á fornleifar við Garðastekk. Þá þurfi að ganga úr skugga um hvort fornleifar séu að finna VNV af bæjarhól Selskarðs t.d. með greftri rannsóknarskurðs á staðnum. Þegar niðurstöður liggja fyrir þurfi að leggja þær fyrir Fornleifavernd ríkisins sem taki afstöðu til breytingar á veglínu Álftanesvegur og til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að vegfláa við Garðastekk verði breytt þannig að hann verði brattari en 1:2 á þeim stað, en aukinn flái dragi ekki úr umferðaröryggi. Jafnframt kemur fram að núverandi útfærsla vegarins sé 15 m fjær gamla bæjarhólnum að Selskarði miðað við fyrri útfærslu og 5 m fjær hugsanlegri tóft en áður var ráðgert.

Í frekari umsögn telur Fornleifavernd ríkisins að með breytingu á fláa vegarins nærri grjótgarði norðan Garðastekks megi koma í veg fyrir rask á grjótgarðinum. Þá sé ljóst

að meint rúst VNV af bæjarhól Selskarðs muni lenda utan vegstæðisins. Fornleifavernd bendir á að á meðan á framkvæmdum standi megi koma í veg fyrir rask af vangá ef áður nefndur grjótgarður, bæjarhóll Selskarðs og hin meinta tóft verði greinilega merkt, t.d. með því að girða svæðin af eða með því að reka niður litamerкта staúra í hæfilegri fjarlægð í kringum fornleifarar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í svörum Sveitarstjórnar Álftaness kemur fram að bæjarstjórn Álftaness geri ekki athugasemdir við tillögu að færslu Álftanesvegur en telji þó veglínu á gildandi aðalskipulagi Garðabæjar vera betri lausn þar sem ný tillaga kalli á fjölgun gatnamóta.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytta legu fyrirhugaðs Álftanesvegur miðað við það sem kynnt var í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar árið 2002 (leið D). Tilgangur með breyttri legu er að nýta betur núverandi vegstæði Álftanesvegur en leið D gerði ráð fyrir. Það er gert með því að leggja veginn sunnar en áður var fyrirhugað, á um 1,5 km kafla vestan frá vesturjaðri Garðahrauns og suður fyrir austasta hluta jarðarinnar Selskarðs. Með breyttri legu vegarins mun hann liggja í sama vegarstæði og núverandi vegur á um þriðjungi leiðarinnar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c og 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að miðað við fyrri áætlun um legu Álftanesvegur mun fyrirhuguð breytt lega hans ekki hafa áhrif á tjarnir og fjörur, sem njóta verndar, né fuglalíf. Ef flái vegarins við minjar nærri Garðastekk verður eins og lýst hefur verið, mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á fornminjar. Einnig liggur fyrir að ný lega vegarins mun leiða til meira rasks á hraungróðri og úfnu hrauni en áður var gert ráð fyrir. Við breytinguna mun vegurinn hins vegar verða styttri og liggja sunnar í Gálgahrauni en áætlað var, sem samræmist því sjónarmiði að veglína sé valin þannig að hraun haldi að mestu heildarmynd sinni. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar, eins og henni er lýst, verði ekki veruleg á náttúruferum né fornleifar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á vesturhluta Álftanesvegur í Garðabæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Garðabæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fyrir liggur staðfest breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, sem gera ráð fyrir breytingu vegarins. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að fornminjar við veginn verði greinilega merktar meðan á framkvæmdum standi.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. mars 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

